

FJÁRREIÐUR RÍKISSJÓÐS
MÁNAÐARYFIRLIT

OKTÓBER

2018



Inngangur

Reikningsskil ríkissjóðs grundvallast á lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál. Þessi lög taka við af lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins sem hafa gilt um reikningsskilin frá árinu 1998. Í 60. gr. laganna er fjallað um mánaðarlegt uppgjör Fjárslu ríkisins sem taka eigi saman greiðsluhreyfingar A-hluta ríkissjóðs vegna næstliðins mánaðar með samanburði við áætlanir innan ársins og útkomu sama tímabils á undan. Þar eigi að koma fram upplýsingar um innheimtar tekjur, greidd gjöld, fjárfestingu, fjármögnun og skuldastöðu.

Með lögum um opinber fjármál er verið að gera grundvallarbreytingar á reikningsskilum ríkissjóðs. Þá er jafnframt verið að gera breytingar á fjárlagagerð og áætlanagerð og allt þetta hefur í för með sér breytta framsetningu milliuppgjöra og skýrslna. Árið 2017 var fyrsta árið þar sem reikningsskilin eru samkvæmt nýjum stöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir ríkissjóð í heild og ársreikningalögum fyrir einstaka stofnanir. Innleiðing á breyttum reikningsskilum er umfangsmikið verkefni sem er ekki lokið og er gert ráð fyrir að hún taki að minnsta kosti þrjú ár.

Yfirlitið nú samanstendur af eftirfarandi yfirlitum:

- Rekstrarreikningur
- Sjóðsstreymi
- Sundurliðun tekna
- Yfirlit yfir málefnasvið
- Yfirlit yfir málefnasvið skipt niður á eðli útgjalda
- Yfirlit yfir hagræna skiptingu niður á málefnasvið
- Yfirlit yfir hagræna skiptingu niður á málefnasvið, málaflokk og fjárlagaliði
- Lánayfirlit

Mánaðaryfirlit ríkissjóðs fyrir janúar – október 2018 liggur nú fyrir. Í aðalatriðum gefur það upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna á tímabilinu og gjaldfærðra gjalda. Í þessu uppgjöri er ekki búið að taka tillit til ýmissa fjárskuldbindinga og krafna sem áfallnar eru á árinu, bæði á tekju- og gjaldahlið, sem ekki hafa áhrif á greiðslur úr ríkissjóði. Unnið verður að því samhliða innleiðingu nýrra reikningsskilastaðla að færa mánaðarleg og ársfjórðungsleg uppgjör frá greiðslugrunni yfir á rekstrargrunn eins og hægt verður. Við þá breytingu verður gætt að samræmi við framsetningu áætlana.

Áætlanatölur í þessu mánaðaryfirliti byggja á dreifingu fjárveitinga sem aftur byggja á samþykktum rekstraráætlunum og áætlaðri dreifingu tekna innan ársins. Þær áætlanir taka í einhverjum tilvikum mið af fluttri fjárheimildastöðu frá fyrra ári sem hefur átt sér stað, með fyrirvara um samþykkt Alþingis á frumvarpi til staðfestingar ríkisreiknings.

Áhrif nýrra reikningsskilaaðferða eru eins og áður segir ekki komin að fullu inn í þetta yfirlit. Stofnefnahagsreikningar fyrir 1.1.2017 liggja fyrir og sömuleiðis ríkisreikningur fyrir árið 2017 sem lagður var fram um miðjan október síðast liðinn. Búið er að færa varanlega rekstrarfjármuni upp hjá stofnunum ásamt orlofsskuldbindingu og öðrum breytingum sem leiða af breyttum reikningsskilaaðferðum. Gert er ráð fyrir innleiðingartíma 2017–2019 og er því ekki gert ráð fyrir að

reikningsskilin verði að fullu í samræmi við lög um opinber fjármál fyrr en í lok árs 2019. Þegar horft er á samstæðu A-hluta ríkissjóðs gera staðlar ráð fyrir að í henni verði búið að eyða út innbyrðisfærslum, bæði innan stofnana og á milli fjárlagaliða. Unnið er að þeirri breytingu og er búið að taka tillit til innbyrðisfærslna vegna viðskipta milli stofnana að mestu í þeim yfirlitum sem hér eru birt.

Rekstraryfirlit fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild sýnir jákvæðan tekjujöfnuð að upphæð 12,2 ma.kr. en áætlun gerði ráð fyrir að hann yrði jákvæður um 11,0 ma.kr. Innheimtar tekjur án fjármunatekna námu samtals 650,2 ma.kr. á meðan áætlanir gerðu ráð fyrir 641,6 ma.kr. og voru því um 8,6 ma.kr. hærri. Stærstu frávikin eru í tekjuskatti einstaklinga sem er 5,1 ma.kr. hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir, skattar á fjármagnstekjur sem eru 11,3 ma.kr. lægri en áætlanir og tekjuskattur lögaðila 2,3 ma.kr. lægri. Þá var virðisaukaskattur 5,6 ma.kr. lægri en áætlanir og skattar á alþjóðaverslun og viðskipti 1,5 ma.kr. hærri en áætlanir. Sérstakur skattur á fjármála fyrirtæki nam 3,1 ma.kr. á tímabilinu og voru tryggingagjöld 1,3 ma.kr. hærri en áætlanir. Aðrar tekjur voru 10 ma.kr. hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Frekari greining á frávikum í tekjum er að finna í yfirliti 3. Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar námu 599,6 ma.kr. á meðan áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir 609,0 ma.kr. og voru þau því 9,4 ma.kr. lægri en áætlað hafði verið. Laun og launatengd gjöld voru 9,7 ma.kr. yfir áætlunum, framlög og tilfærslur voru 5,3 ma.kr. lægri en gert var ráð fyrir og annar rekstrarkostnaður 13,8 ma.kr. Fjármagnsgjöld námu 57,5 ma.kr. samanborið við 48,5 ma.kr. í heimildum og fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals voru neikvæð um 38,4 ma.kr. samanborið við áætlun upp á 21,7 ma.kr. en frávikin skýrist annars vegar með arðgreiðslum sem voru lægri en gert hafði verið ráð fyrir og hins vegar með vaxtagjöldum sem voru 9 ma.kr. hærri. Eins og áður segir eru tekjurnar færðar á greiðslugrunni í þessu yfirliti. Meðhöndlun á arðgreiðslum mun breytast þegar yfirlitin verða færð yfir á rekstrargrunn eins og Ríkisreikningur er gerður á.

Handbært fé frá rekstri A-hluta ríkissjóðs var jákvætt um 74,8 ma.kr. á tímabilinu þar sem innstreymi nam 707,1 ma.kr. og útstreymi 632,4 ma.kr. Fjárfestingahreyfingar voru jákvæðar á tímabilinu og nam innstreymi vegna þeirra 31,5 ma.kr. Hreint útstreymi vegna fjármögnunarhreyfinga nam 70,1 ma.kr. og hækkaði staða á handbæru fé um 36,1 ma.kr.

Yfirlit sem sýna sundurliðun á útgjaldaþróun eru töluvert breytt frá því sem verið hefur. Ný framsetning fjárlaga byggir á heimildum til málefnasviða en ekki til einstaka stofnana og byggja yfirlit 4 og 5 á þeirri skiptingu. Þar eru dregin fram rekstraráhrif annars vegar og fjárfestingar hins vegar. Yfirlit 4 sýnir samandregna afkomu 34 málefnasviða þar sem horft er á rekstur sem útgjöld að frádregnum tekjum stofnana, þá er jafnframt birt fjárfesting tímabilsins. Til samanburðar er svo áætlun tímabilsins sem inniheldur áætlaðar fjárfestingar. Niðurstaða þessa yfirlits er að rekstrargjöld að frádregnum rekstrartekjum námu 621,0 ma.kr. og þá námu fjárfestingar tímabilsins samtals um 25,3 ma.kr. Áætlun fyrir tímabilið gerði ráð fyrir 648,6 ma.kr. og eru útgjöldin því 2,3 ma.kr. innan áætlana. Helstu frávik eru á málefnasviði 23 þar sem útgjöld eru 3,9 ma.kr. yfir áætlunum, málefnasvið 7 er 3,7 ma.kr. yfir áætlunum og málefnasvið 25 er 3,9 ma.kr. innan áætlana. Þá er málefnasvið 33 um 11,1 ma.kr. yfir áætlunum. Yfirlit númer 5 sýnir sömu niðurstöðu nema að þar eru rauntölurnar brotnar niður í eðli útgjaldanna, rekstrarframlög, rekstrartilfærslur, fjármagnstillfærslur, fjárfestingarframlög og rekstrartekjur. Yfirlit 6 sýnir síðan nánara sundurbrot á þessari hagrænu skiptingu útgjalda samanborið við áætlanir.

Efnahagsreikningur er ekki birtur í þessu yfirliti enda munu þær breytingar sem verið er að innleiða hafa mest áhrif á hann og mun hann því taka miklum breytingum. Í yfirliti 7 er hins vegar að finna yfirlit yfir hreyfingar á lánum ríkissjóðs.

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



janúar - október 2018

Yfirlit 1 - Rekstraryfirlit

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik
Tekjur			
Skatttekjur	518.507	521.180	-2.673
Tryggingagjöld	79.387	78.131	1.257
Aðrar tekjur	52.288	42.275	10.013
Tekjur samtals	650.182	641.586	8.597
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld	186.863	177.183	9.681
Framlög og tilfærslur	262.647	267.946	-5.299
Annar rekstrarkostnaður	134.956	148.745	-13.789
Afskriftir	15.108	15.101	8
Gjöld samtals	599.575	608.974	-9.400
Tekjur umfram gjöld	50.608	32.611	17.996
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Arðgreiðslur, vaxtatekjur og verðbætur	19.142	26.807	-7.665
Vaxtagjöld og verðbætur	57.509	48.468	-9.041
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	-38.367	-21.662	-16.706
Tekjujöfnuður	12.241	10.950	1.291

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



janúar - október 2018

Yfirlit 2 - Sjóðstreymi

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun
Handbært fé frá rekstri	
Innheimta	707.134
Skatttekjur	518.507
Tryggingagjöld	79.387
Aðrar tekjur	52.288
Vaxtatekjur	19.142
Birgðabreyting	-550
Viðskiptakröfur, breyting	38.360
Greiðslur	-632.377
Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar	-321.819
Fjármagnskostnaður	-57.509
Framlög og tilfærslur	-262.647
Viðskiptaskuldir, breyting	9.598
Handbært fé frá rekstri samtals	74.757
Fjárfestingarhreyfingar	
Fjárfesting	-25.255
Veitt löng lán	-3.983
Afborganir af langtímakröfum	4.520
Kaup á hlutafé og stofnfjárframlögum	0
Sala hlutabréfa og eignarhluta	56.225
Fjárfestingarhreyfingar samtals	31.506
Fjármögnunarhreyfingar	
Skammtímaskuldir, nettó	-4.890
Langtímaskuldir	39.859
Afborganir af langtímaskuldum	-105.095
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-70.126
Breyting á handbæru fé	36.138

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

janúar - október 2018



Yfirlit 3 - Sundurliðun tekna

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik
Skatttekjur og tryggingagjöld	597.892	599.311	-1.419
Skattar á tekjur og hagnað	221.799	225.801	-4.002
Tekjuskattur, einstaklingar	148.137	143.060	5.077
Tekjuskattur, lögaðilar	46.342	44.077	2.265
Skattur á fjármagnstekjur	27.320	38.664	-11.344
Skattar á launagr. og vinnuafll	7.347	6.804	543
Fjársýsluskattur	2.770	2.531	239
Annað	4.577	4.273	304
Eignarskattar	8.426	7.696	730
Stimpilgjöld	4.048	4.184	-135
Erfðafjárskattur	3.608	3.054	554
Aðrir eignarskattar	770	459	311
Skattar á vöru og þjónustu	267.565	272.678	-5.113
Virðisaukaskattur	192.703	198.294	-5.591
Vörugjöld af ökutækjum	8.432	6.921	1.511
Vörugjöld af bensíni	10.445	11.265	-820
Olíugjald	9.870	9.366	504
Kolefnisgjald	4.833	4.690	143
Áfengisgjald	15.073	15.022	50
Tóbaksgjald	4.642	5.055	-413
Vörugjald, umhverfisskattar	3.649	3.705	-56
Önnur vörugjöld	839	1.626	-787
Sértækir þjónustuskattar	5.898	5.920	-22
Bifreiðagjald	7.371	7.426	-56
Aðrir neyslu og leyfisskattar	3.810	3.386	424
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	3.028	1.496	1.532
Aðrir skattar	10.340	6.706	3.634
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	2.315	2.341	-26
Útvarpsgjald	4.072	3.575	497
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki	3.149	0	3.149
Ýmsir skattar á atvinnurekstur	805	790	15

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun	Frávik
Tryggingagjöld	79.387	78.131	1.257
Tryggingagjald almennt	53.897	53.254	643
Fæðingaorlofssjóður	7.961	7.792	169
Atvinnutryggingagjald	16.764	16.271	494
Önnur tryggingagjöld	764	814	-50
Fjárframlög	299	3.253	-2.955
Fjármagnstekjur	19.142	26.807	-7.665
Dráttarvextir af skatttekjum	3.476	4.000	-524
Aðrar vaxtatekjur	3.173	6.382	-3.209
Arðgreiðslur og tekjur frá ríkisfyrirtækjum	12.493	16.425	-3.932
Aðrar tekjur	18.774	22.026	-3.252
Veiðigjald	9.210	8.866	344
Leigutekjur	167	1.562	-1.395
Sala á vöru og þjónustu	5.963	7.009	-1.046
Sektir og skaðabætur	2.668	1.985	683
Stöðugleikaframlög	729	86	644
Ýmsar og óskilgreindar tekjur	38	2.519	-2.481
Sala eigna	57	723	-667
Ýmsar rekstrartekjur stofnana (45, 46, 47)	33.161	16.272	16.889
Tekjur samtals	669.325	668.392	932

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



janúar - október 2018

Yfirlit 4 - Málefнасvið, kostnaður

að frádregnum rekstrartekjum

Allar tölur eru í millj.kr.	Rekstur	Fjár- festing	Áætlun tímabils	Frávik	Frávik %
Málefнасvið samtals	621.029	25.258	648.613	-2.326	0%
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	4.189	24	5.459	-1.246	-23%
02 Dómstólar	2.428	19	2.525	-78	-3%
03 Æðsta stjórnarsýsla	1.731	11	2.161	-419	-19%
04 Utanríkismál	11.165	98	9.666	1.598	17%
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	14.858	111	15.170	-201	-1%
06 Grunnskrár og upplýsingamál	2.137	49	2.399	-213	-9%
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál	12.381	16	8.704	3.694	42%
08 Sveitarfélög og byggðamál	17.524	0	17.445	79	0%
09 Almanna- og réttaröryggi	19.258	532	20.104	-314	-2%
10 Rétt. einst., trúmál og stj.sýsla innanr.mál.	12.773	36	11.427	1.382	12%
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	20.547	18.386	41.555	-2.621	-6%
12 Landbúnaðarmál	12.875	29	13.077	-173	-1%
13 Sjávarútvegur	3.923	150	3.638	435	12%
14 Ferðapjónusta	1.800	2	1.772	30	2%
15 Orku- og eldsneytismál	3.092	0	3.330	-239	-7%
16 Mark.eftirl. og stj.sýsl. atv.mála og nýsk.	3.270	25	3.708	-413	-11%
17 Umhverfismál	10.865	1.272	14.525	-2.388	-16%
18 Menning og listir	9.568	209	10.919	-1.143	-10%
19 Fjölmíðlun	3.368	1	3.470	-101	-3%
20 Framhaldsskólastig	23.355	240	25.536	-1.941	-8%
21 Háskólastig	26.496	508	26.760	244	1%
22 Ö. sk.st. og stj.sýsla mennta- og m.mála	3.856	15	3.937	-67	-2%
23 Sjúkrahúspjónusta	68.529	3.231	67.992	3.768	6%
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	37.251	147	38.568	-1.171	-3%
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	36.748	10	40.631	-3.873	-10%
26 Lyf og lækningavörur	18.081	0	18.630	-549	-3%
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	46.735	0	46.942	-207	0%
28 Málefni aldraðra	60.905	0	62.598	-1.692	-3%
29 Fjölskyldumál	27.686	23	29.203	-1.494	-5%
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	14.703	45	14.749	-1	0%
31 Húsnæðisstuðningur	10.079	0	12.244	-2.165	-18%
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála	5.985	69	6.417	-363	-6%
33 Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar	72.867	-0	61.794	11.073	18%
34 Alm. varasjóður og sért. fjárráðstafanir	0	0	1.558	-1.558	

Mánaðaryfirlit A – hluta ríkissjóðs

janúar – október 2018



Yfirlit 5 – Málefna svið, skipt niður á eðli útgjalda

Allar tölur eru í millj.kr.

	Rekstrar- gjöld	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Rekstrar- tekjur	Rekstur alls	Fjár- festingar	Framlag ríkissjóðs	Áætlun tímabils	Frávik
Málefna svið samtals	406.399	259.697	8.797	-53.863	621.029	25.258	646.287	648.613	-2.326
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	4.180	99	0	-90	4.189	24	4.213	5.459	-1.246
02 Dómstólar	2.429	0	0	-1	2.428	19	2.447	2.525	-78
03 Æðsta stjórnarsýsla	1.630	107	0	-6	1.731	11	1.742	2.161	-419
04 Utanríkismál	6.623	6.006	0	-1.463	11.165	98	11.263	9.666	1.598
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	22.883	899	0	-8.924	14.858	111	14.969	15.170	-201
06 Grunnskrár og upplýsingamál	3.113	0	0	-976	2.137	49	2.187	2.399	-213
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál	1.558	6.627	4.995	-799	12.381	16	12.398	8.704	3.694
08 Sveitarfélög og byggðamál	12	17.741	0	-229	17.524	0	17.524	17.445	79
09 Almanna- og réttaröryggi	21.276	380	0	-2.398	19.258	532	19.790	20.104	-314
10 Réttindi einst., trúmál og stj.sýsla innanr.mála	10.158	2.990	0	-376	12.773	36	12.809	11.427	1.382
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	17.807	3.699	467	-1.425	20.547	18.386	38.933	41.555	-2.621
12 Landbúnaðarmál	1.538	11.670	0	-332	12.875	29	12.904	13.077	-173
13 Sjávarútvegur	4.656	463	107	-1.304	3.923	150	4.073	3.638	435
14 Ferðaþjónusta	425	722	708	-55	1.800	2	1.802	1.772	30
15 Orku- og eldsneytismál	508	2.600	0	-15	3.092	0	3.092	3.330	-239
16 Mark.eftirlit og stj.sýsla atv.mála og nýsköp.	3.326	140	0	-195	3.270	25	3.295	3.708	-413
17 Umhverfismál	9.744	3.471	595	-2.945	10.865	1.272	12.137	14.525	-2.388
18 Menning og listir	6.710	4.162	6	-1.311	9.568	209	9.777	10.919	-1.143
19 Fjölmiðlun	3.471	-100	0	-3	3.368	1	3.368	3.470	-101
20 Framhaldsskólastig	22.413	2.406	0	-1.464	23.355	240	23.596	25.536	-1.941

Allar tölur eru í millj.kr.

	Rekstrar- gjöld	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Rekstrar- tekjur	Rekstur alls	Fjár- festingar	Framlag ríkissjóðs	Áætlun tímabils	Frávik
21 Háskólastig	27.854	7.484	0	-8.842	26.496	508	27.004	26.760	244
22 Önnur sk.st. og stj.sýsla mennta- og m.mála	2.837	1.439	0	-420	3.856	15	3.871	3.937	-67
23 Sjúkrahúsaþjónusta	74.609	3.403	0	-9.483	68.529	3.231	71.760	67.992	3.768
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	25.432	17.957	0	-6.139	37.251	147	37.398	38.568	-1.171
25 Hjúkrunar- og endurhæfingaráþjónusta	38.523	168	0	-1.942	36.748	10	36.758	40.631	-3.873
26 Lyf og lækningavörur	6.978	11.103	0	-0	18.081	0	18.081	18.630	-549
27 Öroroka og málefni fatlaðs fólks	118	46.626	0	-8	46.735	0	46.735	46.942	-207
28 Málefni aldraðra	12	60.899	0	-6	60.905	0	60.905	62.598	-1.692
29 Fjölskyldumál	2.376	25.435	0	-124	27.686	23	27.709	29.203	-1.494
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	3.549	12.541	0	-1.387	14.703	45	14.748	14.749	-1
31 Húsnæðisstuðningur	206	7.954	1.918	0	10.079	0	10.079	12.244	-2.165
32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála	6.578	607	0	-1.200	5.985	69	6.054	6.417	-363
33 Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar	72.868	0	0	-1	72.867	-0	72.867	61.794	11.073
34 Alm. varasjóður og sért. fjárráðstafanir	0	0	0	0	0	0	0	1.558	-1.558

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs



janúar - október 2018

Yfirlit 6 - Hagræn skipting niður á málefnasvið

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun tímabils	Frávik
Rekstrargjöld	406.399	389.497	16.903
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	4.180	4.064	116
02 Dómstólar	2.429	2.485	-56
03 Æðsta stjórnarsýsla	1.630	1.783	-152
04 Utanríkismál	6.623	6.458	165
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	22.883	19.206	3.677
06 Grunnkrár og upplýsingamál	3.113	3.221	-108
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál	1.558	1.699	-140
08 Sveitarfélög og byggðamál	12	0	12
09 Almanna- og réttaröryggi	21.276	21.125	151
10 Réttindi einst., trúmál og stj.sýsla innanr.mála	10.158	8.853	1.305
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	17.807	18.393	-586
12 Landbúnaðarmál	1.538	1.507	31
13 Sjávarútvegur	4.656	4.644	12
14 Ferðapjónusta	425	388	38
15 Orku- og eldsneytismál	508	609	-102
16 Mark.eftirlit og stj.sýsla atv.mála og nýsköp.	3.326	3.631	-305
17 Umhverfismál	9.744	10.277	-533
18 Menning og listir	6.710	6.648	63
19 Fjölmiðlun	3.471	3.469	1
20 Framhaldsskólastig	22.413	23.482	-1.069
21 Háskólastig	27.854	26.862	992
22 Önnur sk.st. og stj.sýsla mennta- og m.mála	2.837	3.031	-195
23 Sjúkrahúsþjónusta	74.609	73.297	1.312
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	25.432	25.071	362
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	38.523	36.390	2.133
26 Lyf og lækningavörur	6.978	7.541	-563
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	118	226	-108
28 Málefni aldraðra	12	0	12
29 Fjölskyldumál	2.376	3.119	-743
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	3.549	3.466	84
31 Húsnæðisstuðningur	206	115	91
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála	6.578	6.810	-232
33 Vextir, ábyrgðir og lífeyrisskuldbinding	72.868	61.628	11.240

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun tímabils	Frávik
Rekstrartilfærslur	259.697	252.399	7.298
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	99	61	38
03 Æðsta stjórnarsýsla	107	157	-50
04 Utanríkismál	6.006	3.407	2.599
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	899	898	1
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál	6.627	1.193	5.434
08 Sveitarfélög og byggðamál	17.741	17.445	296
09 Almanna- og réttaröryggi	380	292	89
10 Réttindi einst., trúmál og stj.sýsla innanr.mála	2.990	2.899	92
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	3.699	2.914	785
12 Landbúnaðarmál	11.670	11.899	-230
13 Sjávarútvegur	463	343	120
14 Ferðaþjónusta	722	647	75
15 Orku- og eldsneytismál	2.600	2.806	-206
16 Mark.eftirlit og stj.sýsla atv.mála og nýsköp.	140	164	-24
17 Umhverfismál	3.471	3.553	-82
18 Menning og listir	4.162	4.304	-141
19 Fjölmíðlun	-100	0	-100
20 Framhaldsskólastig	2.406	1.644	763
21 Háskólastig	7.484	6.992	493
22 Önnur sk.st. og stj.sýsla mennta- og m.mála	1.439	1.374	65
23 Sjúkrahúsþjónusta	3.403	1.842	1.561
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	17.957	17.658	298
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	168	939	-772
26 Lyf og lækningavörur	11.103	11.089	14
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks	46.626	46.716	-91
28 Málefni aldraðra	60.899	62.598	-1.699
29 Fjölskyldumál	25.435	26.002	-568
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	12.541	12.629	-88
31 Húsnæðisstuðningur	7.954	9.241	-1.287
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála	607	695	-88

Allar tölur eru í millj.kr.

	Raun	Áætlun tímabils	Frávik
Fjármagnstilfærslur	8.797	15.547	-6.750
07 Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál	4.995	6.848	-1.853
10 Réttindi einst., trúmál og stj.sýsla innanr.mála	0	0	0
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	467	1.258	-791
13 Sjávarútvegur	107	486	-378
14 Ferðapjónusta	708	745	-37
17 Umhverfismál	595	1.319	-724
18 Menning og listir	6	627	-620
19 Fjölmíðlun, íþrótt- og æskulýðsmál	0	0	0
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	0	1.377	-1.377
31 Húsnæðisstuðningur	1.918	2.729	-811
Ýmis málefnasvið	0	159	-159
Gjöld samtals	674.893	657.443	17.450
Rekstrartekjur	-53.863	-46.164	-7.699
Rekstur samtals	621.029	611.278	9.751
Fjárfestingarframlög	25.258	37.335	-12.077
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	24	1.378	-1.354
02 Dómstólar	19	40	-21
03 Æðsta stjórnarsýsla	11	223	-212
04 Utanríkismál	98	75	23
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	111	1.257	-1.146
06 Grunnkrár og upplýsingamál	49	44	5
09 Almanna- og réttaröryggi	532	958	-426
10 Réttindi einst., trúmál og stj.sýsla innanr.mála	33	23	10
11 Samgöngu- og fjarskiptamál	18.386	20.302	-1.917
13 Sjávarútvegur	150	77	73
16 Mark.eftirlit og stj.sýsla atv.mála og nýsköp.	29	57	-28
17 Umhverfismál	1.272	1.863	-591
18 Menning og listir	209	592	-383
20 Framhaldsskólastig	240	1.443	-1.203
21 Háskólastig	508	-17	525
22 Önnur sk.st. og stj.sýsla mennta- og m.mála	15	17	-2
23 Sjúkrahúsþjónusta	3.231	4.200	-968
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	147	151	-4
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta	10	2.428	-2.419
29 Fjölskyldumál	23	185	-162
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi	45	15	30
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála	69	56	13
Ýmis málefnasvið	48	1.968	-1.920

Mánaðaryfirlit A - hluta ríkissjóðs

janúar - október 2018



Yfirlit 8 - Lánayfirlit

	Árslok	Hreyfingar á árinu 2018			Okt.lok
	2017	Tekin / Veitt			2018
<i>Allar tölur eru í millj.kr.</i>	Samtals	lán	Afborgun	Endurmat	Samtals
Veitt löng lán, nettó	14.029	3.983	-4.520	880	14.372
Veitt löng lán	54.865	3.983	-4.520	880	55.209
Veitt lán til Seðlabanka Íslands					0
Veitt lán, önnur	54.865	3.983	-4.520	880	55.209
Innheimtar afborganir af veittum löngum lánum	-	-	-	-	-
Innheimtar afborganir frá Seðlabanka Íslands	-	-	-	-	-
Innheimtar afborganir, aðrar	-	-	-	-	-
Næsta árs afborganir fl. á skammtímaskuldur	-40.836				-40.836
Tekin löng lán, nettó	-820.851	-39.859	105.095	-18.396	-774.011
Tekin löng lán	-900.765	-39.914	105.095	-18.396	-853.980
Spariskírteini	-206.859	-1.352	673	-4.956	-212.494
Ríkisbréf	-530.831	-38.448	101.075	0	-468.205
Seðlabanki Íslands	0	0	0	0	0
Önnur innlend lán	-46.983	-114	3.431	-1.073	-44.739
Erlend lán	-116.092	0	-83	-12.367	-128.541
Næsta árs afborganir fl. á skammtímaskuldir	79.914	55	-	-	79.969

1) Eignaaukning eða skuldaminunkun = -